



# Stuðningssamtal á Barnaspítala Hringingsins

## Upphaf að árangursríkri samvinnu

### Kæru foreldrar

Velkomin á Barnaspítalann.

Á Barnaspítalanum er boðið upp á regluleg stuðningssamtöl milli foreldra og hjúkrunarfræðing barns. Markmiðið er að foreldrar og barn fái þjónustu sem kemur til móts við þarfir og óskir fjölskyldu.

Í samtölunum gefst tækifæri til að bera upp spurningar, tjá áhyggjur, tilfinningar, þarfir og óskir. Til að við getum stutt ykkur sem best er mikilvægt að fá upplýsingar um ykkar hugsanir og líðan, því það hjálpar okkur að leggja áherslu á það sem skiptir ykkur mestu máli.

### Fyrsta stuðningssamtalið

Dagsetning: \_\_\_\_\_ kl: \_\_\_\_\_

Samtalið tekur 15-20 mínútur og tekur mið af því sem þið hafið þörf fyrir að ræða um á þessari stundu.

Í samtalinu er teiknað upp fjölskyldutrú svo hægt sé að átta sig betur á fjölskyldumynstrinu og stuðningsneti fjölskyldunnar. Einnig verður farið yfir hvernig starfsfólk getur veitt ykkur betri stuðning.



## Hugleiðingar fyrir stuðningssamtalið

Fyrir samtalið er gott að velta fyrir sér eftirfarandi spurningum. Einnig getur verið gagnlegt að setja orð á tilfinningar, upplifun og þarfir.

- Hvernig líður ykkur núna – hvaða hugsanir og vangaveltur koma upp í hugann?
- Hvaða stuðningsnet/stuðningsaðila eru þið með?
- Er eitthvað varðandi umönnun eða meðferð barnsins ykkar sem þið hafið þörf fyrir að vita meira um?
- Er eitthvað í ykkar aðstæðum sem veldur ykkur áhyggjum (s.s fjölskyldu-aðstæður, búseta, atvinna, fjárhagsvandi)?
- Er eitthvað sem við getum gert til að styðja ykkur og aðstoða?
- Ef það er ein spurning sem þið gætuð fengið svar við núna, hver væri hún?

## Til minnis

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---